



Ársskýrsla
Knattspyrnudeild Skallagríms 2023

Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2023 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.

Almennt um starf deildarinnar

Aðalfundur knattspyrnudeildar Skallagríms 2023 fór fram í júnímánuði. Á fundinum var kosinn formaður, fimm fulltrúar í barna- og ungmennaráð og fimm fulltrúar í meistaraflokksráð. Formaður var kjörinn Páll S. Brynjarsson. Í barna- og ungmennaráð voru kjörin; Álfheiður Sverrisdóttir, Oddný Bøðvarsdóttir, Íris Gunnarsdóttir, Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Anna Heiða Baldursdóttir. Í meistaraflokksráð voru kjörnir; Haraldur Már Stefánsson, Elvar Atli Guðmundsson, Oliver Fjeldsted, Guðjón Gíslason og Arnar Gylfi. Óliver vék úr ráðinu um haustið og tók Þórarinn Torfi Finnbogason sæti hans. Í aðalstjórn tóku sæti auk formanns, Álfheiður Sverrisdóttir, Oddný Bøðvarsdóttir, Haraldur Már Stefánsson og Elvar Atli Guðmundsson.

Jón Theodór Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar á árinu og í raun má segja að það sé ómetanlegt að hafa framkvæmdastjóra við störf.

Meistaraflokkur Skallagríms

Meistaraflokkur karla hjá Skallagrími lék í 4. deild sumarið 2023. Fyrirkomulagi á keppni í neðri deildum var breytt á árinu 2023. Áður höfðu um 30 lið spilað í riðlaskiptri 4. deild, en eftir breytingar tók Skallagrímur sæti í 4 deild ásamt níu öðrum liðum. Í 5 deild léku síðan 16 lið og utan deilda voru um 10 lið. Æfingar hófust í janúar undir stjórn þeirra Declan Redmond sem var aðalþjálfari og Viktors Inga Jakobssonar aðstoðarþjálfara. Í byrjun apríl létu þeir Declan og Viktor Ingi af störfum að eigin ósk. Við störfum þeirra tóku þeir Viktor Már Jónasson og Björn Sólmar Valgeirsson. Liðið tók þátt í Lengjubikar KSÍ sem og bikarkeppni KSÍ, en féll út í fyrstu umferð. Íslandsmótið í fjórðu deild hófst í byrjun maí. Skallagrímur lék 18 leiki í deildinni og endaði í áttunda sæti með 19 stig.

Á uppskeruhátíð liðsins völdu leikmenn Carlos Javier Castellano leikmann ársins og Anton Ottesen var valinn efnilegasti leikmaðurinn. Sölvi Snorrason var markakóngur liðsins.

Við vorum í samstarfi við ÍA í 2 flokki karla og léku nokkrir uppaldir Skallagrímismenn með sameiginlegu liði ÍA-Kára-Skallagríms sem lék í efstu deild í 2 flokki.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 2023. Um 170 iðkendur mættu á æfingar hjá okkur á árinu, en undanfarið hafa iðkendur á bilinu 150 til 170. Jón Theodór Jónsson, Declan Redmond, Oliver Fjeldsted og Dagbjört Haraldsdóttir störfuðu sem þjálfarar. Þá komu nokkrir ungir og efnilegir leikmenn að þjálfun og aðstoðuðu aðalþjálfarana.

Yngstu iðkendur í 6. og 7. flokki stráka og stelpna tóku þátt í ýmsum mótum árið 2022 og stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. 5. flokkur stráka tók þátt í Íslandsmótinu, Faxaflóamótinu og N1 mótinu. 5. flokkur stelpna tók þátt í Íslandsmóti, TM mótinu og á Síamótinu. Í 3. og 4. flokki stúlkna vorum við í samstarfi við ÍA og spiluðu sameiginleg lið þessara félaga í Íslandsmóti og stóðu sig vel. Í 3. og 4. flokki stráka vorum við líka í samstarfi við ÍA og þar var einnig spilað undir merkjum ÍA-Skallagríms með góðum árangri. Alls spiluðu um 20 ungmenni frá okkur með sameiginlegum liðum ÍA-Skallagríms. Samstarfið við ÍA var okkur mjög gagnlegt og að mörgu leyti vel heppnað. Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið ungmennum sem æfa með Skallagrími upp á samstarf sem þetta, en með því tekst okkur að bjóða þeim upp á að keppa með 11 manna liðum auk þess sem þau geta æft yfir vetrartímann við frábærar aðstæður, en þau æfa alla jafna tvisvar í viku yfir vetrartímann á Akranesi og tvisvar í Borgarnesi.

Það er mjög ánægjulegt að sjá hve vel starfið í yngri flokkunum hefur gengið undanfarið. Sérstaklega höfum við séð starfið hjá stelpunum eflast og í dag eigum við mjög efnilega yngri flokka.

Lokaorð

Ungir sem eldri iðkendur fótbolta horfa björtum augum til framtíðar og ljóst að bygging knattþúss sem á að hefjast nú í haust mun gjörbylta aðstöðu fyrir fótbolta í Borgarbyggð. Því viljum við nota tækifærið og þakka sveitarstjórn Borgarbyggðar fyrir þann stórhug að ætla á næstu fjórum árum að reisa knattþús og stækka íþróttahúsið. Þessar framkvæmdir munu gjörbreyta aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.

Stjórn knattspyrnudeildar Skallagríms vill að lokum þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar fyrir vel unnin störf á árinu 2023. Sérstaklega viljum við þakka þjálfurum og iðkendum fyrir gott starf og foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf. Það er von okkar að árið 2024 skili okkur góðum árangri og verði til þess að treysta enn frekar grunninn að árangursríku starfi Skallagríms.